

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Vesturafl.

1. gr.

Heiti.

Sjálfseignarstofnun starfar skv. lögum nr. 19/1988 og heitir Vesturafl. Sjálfseignarstofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimilisfang stofnunarinnar er að Mánagötu 6, Ísafjarðarbæ.

3. gr.

Markmið.

Markmið stofnunarinnar er að efla geðheilsu íbúa samfélagsins með rekstri geðræktarmiðstöðvar. Þar fá notendur t.d. aðstoð við að auka færni sína í samskiptum við aðra, bæta lífsgæði sín og fjölskyldu sinnar, komast (aftur) í vinnu eða nám.

4. gr.

Stofnendur.

Stofnandi stofnunarinnar er Harpa Guðmundsdóttir kt. 250976-5269.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 852.000 sem stofnandi hefur aflað með styrkjum frá Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað, Súðavíkurhreppi, Vestfjarðadeildum Rauða kross Íslands og verkefnasjóði RKÍ.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum til 5 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Kýs fráfarandi stjórn nýja stjórn til sama tíma í lok kjörtímabils. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Fyrsta stjórn er þó tilnefnd af stofnanda.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

7. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

Aðrar stjórnareiningar.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en fer ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra

Nr. 277

24. febrúar 2009

ber að veita stjórnarmönum og endurskoðendum/skoðunarmönum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

9. gr.

Endurskoðendur.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri endurskoðendur/skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsára. Þeir skulu ekki vera úr hópi stjórnarmanna félagsins.

10. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

11. gr.

Tekjur.

Tekjur stofnunarinnar auk vaxta af stofnframlagi munu verða framlög frá ríki, sveitarfélögum, einstaklingum, fyrirtækjum, sjóðum og stofnunum.

12. gr.

Breyting samþykktu, slit og sameining.

Ákveði stjórn að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður þarf samþykki allra stjórnarmanna. Slíkt skal svo boríð skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan.

13. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Par sem ákvæði skipulagsskrár þessarar ná ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt. Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 24. febrúar 2009.

Ríkarður Másson.

Helgi Már Ólafsson.

B-deild – Útgáfud.: 16. mars 2009